

Fundargerð

stjórnarfundur Félagsbústaða haldinn
19. maí 2021 kl. 16:00
á skrifstofu félagsins Þönglabakka 4

Mætt: Stjórnarmennirnir Haraldur Flosi Tryggvason, Heiða Björg Hilmisdóttir og Laufey Ólafsdóttir auk framkvæmdastjóra Félagsbústaða Sigrúnar Árnadóttur sem jafnframt ritaði fundargerð. Kristinn Karel Jóhannsson sviðsstjóri fjármálasviðs sat fundinn undir öðrum dagskrárlið og Þóra Þorgeirsdóttir sviðsstjóri þjónustusviðs undi.

1. Síðasta fundargerð

Fundargerð síðasta stjórnarfundar 28. apríl var lögð fram og samþykkt.

2. Nýbyggingar við Árland og Stjörnugróf

Fyrir fundinum lá greinargerð vegna byggingaframkvæmda við Árland og Stjörnugróf. Gerð var grein fyrir stöðu og framgangi framkvæmda, tölum vegna tjóns af völdum vatnsleka og frágangs.

Stjórn lagði áherslu á að málinu yrði fylgt eftir, hratt og örugglega, tjónið að fullu lagfært og byggingunum skilað með þeim hætti sem samningar gera ráð fyrir.

3. Fjármál og fjárvarsla

Lögð var fram tillaga og greinargerð um ávöxtun fjármuna. Stjórn samþykkti tillögurnar.

4. Sjálfbærnistefna

Farið var yfir drög að sjálfbærnistefnu Félagsbústaða. Afgreiðslu frestað til næsta fundar.

5. Árangursmat stjórnar


Farið var yfir spurningar og fyrirkomulag árangursmats. Samþykkt að KPMG annist framkvæmd matsins.



6. Önnur mál

Framkvæmdastjóri fór yfir helstu þætti í starfseminni það sem af er árs.

Fleira var ekki gert. Fundi slitið kl. 14.10.




Haraldur Flosi Tryggvason



Heiða Björg Hilmisdóttir



Laufey Ólafsdóttir



Sigrún Arnadóttir